

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2021, miðvikudaginn 6. október 2021 haldinn 394. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14, Saltvík og hófst kl. 08:35. Mættir: Diljá Ámundadóttir Zoega Reykjavík, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði, Halla Karí Hjaltested Kópavogi, Ásgeir Sveinsson Mosfellsbæ og Björg Fengler Garðabæ. Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR, Andrés B. Andreasen fjármálastjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf Mosfellsbæjar dags. 1. júlí 2021 þar sem fram kemur að Ásgeir Sveinsson verði fulltrúi Mosfellsbæjar í samstarfsnefnd skíðasvæðanna í stað Rúnars Braga Guðlaugssonar.
2. Lagt fram rekstraryfirlit skíðasvæðanna janúar – ágúst 2021.
3. Fram fer kynning á fjárhagsáætlun skíðasvæðanna fyrir árið 2022. Samþykkt.
4. Lögð fram tillaga að gjaldskrá skíðasvæðanna fyrir 2022. Frestað.
5. Framkvæmdastjóri upplýsti um stöðu framkvæmda. Lyftuframkvæmdir eru á áætlun og munu 2 lyftur verða framleiddar í vetur og koma til landsins næsta vor.
6. Rætt um úrskurð kærunefndar vöru- og þjónustukaupa í máli nr. 8/2021 vegna skíðakorta. Frestað.
7. Rætt um kaup á stólalyftu í Skálafelli. Skoðað verði hvort að keypt verði notuð eða ný lyfta.
8. Ákveðið að fundir samstarfsnefndar verði 2. miðvikudag í mánuði kl. 08:30.
- kl. 09:58 viku Björg Fengler og Magnús Örn Guðmundsson af fundi.
9. Rætt um salernismál í Bláfjöllum. Samstarfsnefndin leggur til að frekari hugmyndum um salernismál á skíðasvæðunum verði frestað og málið tekið upp í víðara samhengi í tengslum við uppbyggingarmál á svæðinu.

Fundi slitið kl. 10:10.

Diljá Ámundadóttir Zoega

Halla Karí Hjaltested
Kristín María Thoroddsen
Magnús Örn Guðmundsson

Ásgeir Sveinsson
Björg Fengler

fsk. með fundargerð

Bréf Mosfellsbæjar dags. 1. júlí 2021 um nýjan fulltrúa í samstarfsnefndinni
Rekstrarniðurstaða 2021